Samþykkt þann

9 MAY 2007

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson




LÓÐARUPPDRÁTTUR M. 1:200




AFSTÖÐUMYND M. 1:500




KJALLARI




1. HÆÐ




RISHÆÐ

## BYGGINGARLÝSING

Úr Gildi

Núverandi hús er einlyft timburhús á steinsteyptum kjallara og risi með kvisti á götuhlið.
Árið 1980 var samþykkt viðbygging, sem ekki var byggð, lík þeirri sem nú er sótt um.
Á árunum 1980 - 2000 voru gerðar svalir, gluggar endurnýjaðir og endurnýjuð bárujárnsklæðning.

Viðbygging og breytingar á núverandi húsi, yfirlit:
Viðbyggingin er meðfram austurhlið, garðmegin er einnig kvistur og svalir með sólskála á hluta þeirra.
Markmiðið var einkum að bæta hreinlætisaðstöðu, fá betri stiga og bæta húsnæðið með aukinni rýmd.
Breytingar innanhúss eru einkum í risi þar sem bætt er svefnaðstaða.

Hönnun er samkvæmt reglugerðum og stöðlum um bygginga og uppfylltar eru kröfur um brunavarnir.

Tekið er tillit til vendunarsjónarmiða og leitast við að aðlaga viðbyggingu og breytingar að núverandi húsi, form þaks og kvists er aðlagað, klætt á útveggi með bárujárni, gluggar með sama svipmóti, sömu litir o.s.frv.
Fyrirhugaðir litir kjallaraveggja ljósgrátt, bárujárn veggja gulgrátt, gluggar hvítir, áfellur og þakjárn grænt.

Viðbygging við norðaustur- og suðausturhlið.
Botnplata er steinsteypt, járnbent plata, með 75 mm einangrun undir allri plötu og niður með sökklum.
Útveggir eru með járnbentri steinsteypu, einangraðir bæði að utan og að innan.
Að utan er 50 mm steinull, sléttpússað 20 mm á kjallaraveggi og útveggir þar ofan við klæddir bárujárni.
Að innan eru útveggir með 50 mm einangrun og 20 mm múrhúðun.
Stigi og milligólf eru með flögn. Málað er á pússningu og á bárujárn.
Þakhalli er 38 gráður, sami og eldri hluta húss. Þaksperrur úr timbri, einangrun um 200 mm.
Gluggar eru úr þéttvaxinni furu eða oregonfuru. Allir gluggar með einangrunargleri.
Milliveggir við stiga eru hlaðnir úr gjallsteinsplötum og múrhúðaðir.
Múrhúðað er á loft í göngum en í baðherbegjum eru niðurfelld loft.
Gólf á göngum eru lögð parketi en gólfflísar í anddyri og í baðherb.
Undir þak er klætt með gifsplötum.
Gólfhitalögn er í viðbyggunni undir flísum. Lóðréttur lagnastokkur er fyrir meginlagnir.

Kvistur:
Kvistur er hliðstæður og sá sem er götumegin en styttri og gengur að þaki viðbyggingar.
Veggir úr timburgrind, einangraðir með 100 mm steinull.
Þak með sama þakhalla og núv. kvistur, úr timburgrind, einangrað með 200 mm steinull.
Gluggar eins og kvistgluggar á götuhlið. Klæðning að innan með panil eins og fyrir er.

Svalir og skáli:
Núv. svalir sem eru fúnar verða fjarlægðar og byggðar nýjar svalir úr timbri.
Skáli á svölum er úr timburgrind, franskir gluggar og vængjahurðir, allt með tvöföldu gleri í laus fög.

Girðing:
Girðingar eru 1600 mm á hæð, girðing við inngang er 1000 mm ofan á núv. 600 mm steyptum vegg

FMR upplýsingar:
Landnúmer 122127, íbúðarhús, staðgreinir 14400-01-70100240.
Fastanúmer 207-8578, íbúð, byggingarár 1924.
Stærðir fyrir breytingu birt flatarmál 115,5m², rúmmál 434,3 m³.

Lóðarstærð 434,3 m².
Heildarstærðir húss:
Sjá skráningartöflu.

Hámarks U-gildi byggingarhluta í W/m²K:
Þak 0,2, útveggir 0,4, léttir útveggir 0,3 og gluggar 2,0.

Brunavarnir:
Veggur norðvestanmegin á viðbyggingu er REIM60 veggur
og nær upp að neðri brún ystu þakklæðningar.
Þak er með ytri klæðningu í flokki 1, bárujárnsklæðningu.
Gluggar á svefnherbergjum eru björgunarop (BO).

Öryggi:
Allir gluggar eru með með öryggislæsingum.
Þak skála er með öryggisgleri.

Breytingar á teikningu 28.4.2007. Ráðstafanir vegna lítils halla þaks sólskála:
Gler í fullri lengd þaks skrúfað niður með viðeigandi állista ásamt þéttingum.
Heiti rýmis í kjallara 0003 breytt úr Útitröppur í Geymsla, lagfært í skráningartöflu.
Útitröppur á 1. hæð fá númer og stærðir færðar í skráningartöflu.
Númer rýmis á 1. hæð breytt úr 0001 í 0101.




| MÁL STAÐREYNIST | ÖLL MÁL Í MM | TEIKN. NR. RVK24-ADAL-1 | MKV. 1:500, 1:200 1:100 |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍKURVEGUR 24, HAFNARFIRÐI | | | AFSTÖÐUMYND GRUNNMYNDIR |
| AÐALTEIKNING | MAGNÚS K. SIGURJÓNSSON KT. 030547-4549<br>SUÐURGÖTU 33, R., SÍMI 551 4565 | | BLAÐ 1 |
| TEIKN. MKS 6. FEBRÚAR 2007 | BR. 30. APRÍL 2007 | Magnús K. Sigurjónsson | |